

# Ólöf Hafliðadóttir Blöndal — Minning

Fædd 10. desember 1894.  
Dáin 26. maí 1976.

## Mínir vinir fara fjöldi feigðin þessa heimtar köld;

segin Bólu-Hjálmar við lát vinar síns, og margir hafa sömu sögu að segja, ekki sízt þegar ellin sækir á. Fætt er ellinni þungbærara einestöðingskapurinn, hvarir vinir og vandamenn hverfa og fjöldi samstarfsfólks er saknað.

Þegar ég frétti lát frændkonu minnar Ólafar Blöndal á miðviku-dagskvöldið þ. 26. þ.m. kom mér fregnin ekki alveg á óvart. Eg vissi að heilsu hennar hafði hrakað mjög undanfarna mánuði og fyrir rúmuum hálfum mánuði hafði hún verið flutt að næturlagi á Landspítalinn mikió veik. En andlátsfregnin snart mig og ég saknaði vinar í stað. Fjöldi minninga komu í hugann, því við Ólöf höfðum þekkt frá því við vorum börn að aldri og haft margt saman að selda.

Ólöf var fædd á Siglufirði 10. desember 1894. Foreldrar hennar voru Hafliði Guðmundsson hreppstjóri í Siglufirði, mikilsvirpt sómamaður. Var hann Sunnlendingur að ætt. Mikió orð fór af því, að hreppstjóranum í Siglufirði væri sýnt um að leysa allar deilur er upp komu í þreppnum, virtist þó oft þurfa mikió til, því Siglufjörður var ekki ávallt rólegur þær, sízt yfir sumartímum, þegar fjöldi innlendrar og erlendrar manna sótti þangað í síldarævintýrið. Var þá stundum róstusamt á skemmtistöðum og á götum úti. En Hafliði þurfti ekki annað en setja upp hreppstjórastofuna, klappa á axlir óróaseggjanna og biðja þá að vera ekki með þessi læti, datt þá allt í dúnalagn. Hreppstjórnin var mjög vinsæll meðal fólksins á staðnum. Í virðing og þakkarskyni reistu Norðmenn Hafliða minnismarki er stendur framan við gamla húsið hans í Siglufirði.

Móðir Ólafar, Sigríður Pálsdóttir, var einnig að sunnan, fædd og uppalin í Reykjavík. Móðir mín og Sigríður voru systkinadætur, var mikil frændsemi með þeim frænkum.

Páll faðir Sigríðar var sonur Magnúsar Pálssonar og Oddrúnar Jónsdóttur frá Sogni í Ölfusi. Magnús var sonarsonur Þórðar Péturssonar kembarar er bjó að Holti í Þingholtum, vann hann hjá Innréttungunum og þótti góður starfsmaður hjá því einstaka fyrirtæki. Eg minnst þess sem barn að gamalt fólk sagði við móður mína: Það er ekki að furða þó þú sért mikil tóskaparkona, að vera komin af honum Þórði kembara. Sama mátti vissulega segja um Sigríði, hún var hambahleppa við öll heimilisstörf og afburða hóg í höndunum. Þegar ég kom fyrst til Siglufjarðar heyrði ég þess getið að samhlíða nauðsynlegum heimilisstörfum hafi Sigríður saumað fót á alla Siglufirðinga bæði lifandi og dauða, hún saumaði nefnilega líkklaði um langt árabil. Oddrún amma hennar frá Sogni hafði verið mikil myndarkona og skartkona, skautaði jafnan þegar hún fór til kirkju í Rvk., hafði hún unun af að vera vel búin og hafa fallett í kringum sig. Þetta einkenni fylgdi Sigríði og mörgu hennar fólki. Það var ávallt mikió tilhlikkunarrefni að fá að heim-sækja frændfólki á Siglufirði. Heimilið var mjög aðlaðandi og gestum tekið opnum örmum. Eg var unglingur þegar ég kom þar fyrst, öll börnin gift nema Ólöf, sem var yngst þeirra systkina. Tókst brátt vinátta með okkur, sem haldist hefur meðan báðar lifðu. Ólöf var falleg og kát ung stúlka, augasteinn foreldra sinna og eftirlæti fjögurra eldri systkina.

Foreldrar Ólafar vildu allt gera til að vanda uppeldi hennar og

veita henni alla þá menntun sem kostur var á. Ung fór hún í Kvinnaskólann í Rvk. og lauk þaðan burtfararprófi með góðum vitnisburði vorið 1913. Þótti henni mikió til skólans komi og kennara hans.

Árið 1915 fór hún í hússtjórnardeild sama skóla. Öll þrætt skólaveita veitti henni djúpmæt veg-nesti. Oft vitnaði hún til Guðlaugar Sigurðardóttur húsmæðra-kennara frá Kaldáðarnesi, sem hún mat mjög mikils, var hún almennt rómuð fyrir afbragðs kennslu. Árið 1916 þann 1. júlí giftist Ólöf Sópóhosi Blöndal verzlunarstjóra við verzlun Snorra Jónssonar í Siglufirði. Var það báðum mikil gæfa, því hjónaband þeirra var með afbrigðum ástrikt. Sópóhus var sonur Björns læknis Gunnlaugssonar Blöndal á Hvammstanga og konu hans Sigríðar Möller. Hann var glæsilegur maður og vel af Guði gerður. Hafði Sópóhus mörg störf með höndum í Siglufirði og naut þar mikilla vinsælda. Hann var mikill sögumaður og félagshyggju-maður, var stöð og stytta Vísir um langt árabil.

Fyrsta hjúskaparið bjuggu ungu hjónin í svokölluðu Snorra-húsi í Siglufirði, en fluttu svo aftur heim í Hafliðahús eftir að Hafliði faðir Ólafar dó vorið 1917, bjuggu þau þar allan sinn búskap. Þó að húsbændaskipti yrðu í Hafliðahúsi var heimilisbragur hinn sami, rausn og örlæti við þá sem að garði bar breyttist ekki. Ef skip varpaði akkerum í Siglufirði lá leið farþega í Hafliðahús. Húsið fylltist af fólki, blóskraði mér oft er ég var þar stöð, hve margir komust fyrir í litla húsinu hennar Sigríðar frænkum. Samt var aldrei þröngt. Gestirnir voru brátt eins og heima hjá sér. Tekið var lagið, söngur fyllti húsið og gleðin ríkti. Þegar fram liðu stundir spillti það ekki gleðinni að kynast dætrum þeirra hjóna, Sigríði og Sveinbjörgu Helgu, yndislegum og vel gefnum stúlkum.

En allir dagar eiga kvöld. Þann 22. marz 1936 missti Ólöf mann sinn, og bar hún aldrei fyllilega sitt barr eftir það. Þó nú séu liðin rúm 40 ár síðan Sópóhus féll frá, var hann ávallt efstur í huga hennar. Sunnudaginn þann 23. maí, er ég síðast heimstótti Ólöfu á súkrahusinu, hafði ég orð á því við hana, hvað Sveinbjörg dóttir hennar væri mikill mannkosta-kona og hefði reynt henni vel og svaraði Ólöf þá: Hún átti líka framúrskarandi góðan föður. Það er aðaunarvert hve Sveinbjörg hefur ávallt verið nærgætin og elskuleg við móður sína, er það hennar sómi. Það vita líka allir sem bezt þekkja að Sveinbjörg er valkvendi. Sjálfsgagt hefði Sigríði verið eins farið hefði hún verið í næsta nágrenni.

Eins og að líkum lætur var ekki safnað veraldarauði í Hafliðahúsi, en þar bjó vinsæll fólki, er mörgum þótti vænt um. Þegar húsbóndinn féll frá voru dæturnar ungar, sú eldri 18 ára og hún 16. Það var úr vöndu að ráða fyrir blessaða Ólöfu að sjá heimilinu borgið. Hún átti hark í horni þar sem Kristjana mágkona hennar var. Það hún dætrunum þá sín og styrkti þær til náms. Luku þær báðar burtfararprófi úr Verzlunarskólanum í Rvk. með lofsa-alegum vitnisburði. Margt gott fólk vildi veita henni lið, frændfólk og vinir. Einn þakklátust var hún þó frú Guðrúnu Björnsdóttur frá Kornsa er þá var formaður skóla-nefndar gagnfræðaskólans í Siglufirði. Hvatti hún Ólöfu til að taka að sér handavinnukennslu í barna- og gagnfræðaskólanum í bænum. Varð það úr að hún sótti um kennarastöðuna við báða skólana og fékk hana. Kenni hún við skólana í 5 ár við góðan orðstír. Þegar hér var komið sögu voru báðar dætur hennar giftar og farnar að heiman. Sigríður gift í

Svíþjóð. Var það Ólöfu mikil raun að missa hana úr landi. Byr hún í Gautaborg, gift Broberg lækni þar í borg. Sveinbjörg giftist 1. júlí 1941, Birgi Kjaran hagfræð-ingi og stofnuðu þau heimili í Rvk. Nú var Ólöf orðin ein síns liós í gamla húsinu sínu. Hún undi illa einverunni, sem vorlegt var. Sumarið 1941 var auglóst eftir handavinnukennara við Húsmæðraskóla Rvkur, sem þá átti að taka til starfa um haustið. Sótti hún um starfið og var veitt það. Var hún 1. kennarinn sem ráðinn var við þá stöfnun.

Mér er í fersku minni þegar við hittumst aftur í Rvk. haustið 1941. Akveðið hafði verið að skólinn yrði settur í 1. okt. en mikió skorti þá á að húsið að Sólvalla-götu 12 væri tilbúið sem skólasetur. Það var ekki fyrr en 7. febrúar að skóli var settur. Þó var mikió ógert. En nemendur komu og aðaunarvert var hvernig allt komst af þetta fyrsta skólaár. Atti Ólöf drjúgan þátt í þeirri afkomu. Hún var ákaflega dugleg og ósér-hlífin, þegar því var að skipta. Taldi ekki eftir sér störfinn þó eigi væri um bein skyldustörf að



raða, og heimti eigi ávallt daga-laun að kvöldi.

Ólöf var mjög duglegur kennari, áhugasöm um að námið kæmi að sem beztum notum. Hún lagði kapp á að glæða smekki nemendanna og venja þá við vandvirkni.

Einnig er mér minnstæð handavinnusýningin vorið 1942. Margir sýningargestir ráku þá upp stór augu, þóttust aldrei hafa séð slíkt handbragð. Var það mikill sigur fyrir Ólöfu. Einn sýningargesti þetta vor, fátæk kona, rétti mér 100 krónur þegar hún kvaddi. Það hún mig að afhenda þær stúlkunni sem átti fallegasta dúkinn á sýningunni. Þá voru 100 kr. mikils virði, þó nú sé litio hægt að fá fyrir þá upphæð. Margt fleira skemmtilegt kom fyrir þessa sýningardaga sem of langt yrði að telja. Ólöf kenndi handavinnu í Húsmæðraskóla Rvkur í 20 ár við mikió lof nemenda og annarra er fylgdust með störfum skólans. Þegar Ólöf hætti kennslu í Húsmæðraskólanum flutti hún í hús dóttur sinnar Sveinbjargar og tengdasonar Birgis Kjaran. Atti hún þar heima unz yfir lauk. Hefur heimili þeirra hjóna verið henni ómetan-leit. Þar naut hún hins mesta ástrikis svo ekki varð á betra kosið. Dótturdæturnar höfðu fyrirmyndina og voru henni ljúfar og hjartfölgnar, einnig langömmubörnin. Sigríður dóttir hennar í Svíþjóð kom oft heim til að gleðja móður sína. Var það Ólöfu mikils virði. En nú er sagan að leiðarlokum þakka ég Ólöfu margar góðar stundir og vinátta við mig og mína á langri leið. Eg votta dætrum hennar og þeirra fólki samúð og bið Guð að blessa þau öll.

**Hulda A. Stefánsdóttir.**

**Nokkur kveðjuorð.**  
Ólöf Blöndal áttin. Þrátt fyrir ráan aldur og veikindi hennar kom andlátis vinum hennar á óvart.

Eg minnst merkiskonu, sem var vinföst og hlý. Kynni okkar hófust í Húsmæðraskóla Reykjavíkur, þar sem við störfuðum saman um árabil. Hún hafði mikil ástir í allt skólalífið og heillaði með skapfestu og persónuöðrum. Hún var óvenjulega glæsileg kona

og bar með sér yndisþokka og höfðingsbrag. Hún var mikill unnandi fegurðar. Hún hafði fagra og vel þjálfaða söngrodd, enda hafði hún á unglingsárum sínum á Siglufirði nótið leiðbein-ingar séra Bjarna Þorsteinssonar og bjó hún að þeirri tilsoðgn alla tíð.

Sem handavinnukennari var Ólöf alveg einstök. Falleg handavinnna heillaði hana, og kom það tvímælalaust fram í verkum nemendanna hennar. Þar sat fegurð og vandvirkni í fyrirrúmi, og sé ég hana fyrir mér þegar hún athugaði rönguna á því sem unnið var. Hún var nemendunum sínum góð og hafði lag á að fá þá til að beita sér að verkefnum sínum og laða hæf-leika þeirra fram. Um þetta báru sýningar skólans gott vitni. Áhugi hennar á að nemendur lærðu það sem reyndist þeim haldgott veg-nesti dvinaði aldrei. Hún hafði alla tíð sterk áhrif á umhverfi sitt.

Ólöf giftist Sópóhosi A. Blöndal forstjóra í Siglufirði, en hann lézt fyrir aldur fram. Þá urðu mikil straumhvörf í lífi hennar. Hugur hennar dvaldist oft við Siglufjörð. Þar stóð vagga hennar, þar ólst hún upp og þar stofnaði hún sitt eigið heimili og þar fæddust dætur hennar, Sigríður og Sveinbjörg. Hugur hennar dvaldi mjög við minninguna um foreldrana og eiginmanninn, en minningin um hann var ætíð fersk og slung.

Með henni og dætrum var þeir mikill kærleikur og samband þeirra innilegt. Hún saknaði þess að Sigríður var búsett í Svíþjóð. En meðan heilsan leyfði fór hún af og til til dvalar hjá henni og manni hennar, dr. Broberg. Einnig komu þau hjón oft hingað í heimsókn til að gleðja hana og stytta henni stundir. Sveinbjörg var alla tíð í nálægð hennar og til hennar fluttist hún, er hún hætti kennslu. Var Sveinbjörg henni allveg einstök dóttir hlý og hljóðlát stóð hún við hlið móður sinnar í veikindum hennar, og naut þar stuðning sanna síns, Birgis Kjaran, og barna þeirra. Ólöf elskaði fjölskyldu sína fólkskva-laut. Mágkonum sínum var hún góður vinur, og við fráfall hennar hefur Sigríður Blöndal misst mikió.

Nú hefur fækkað í vinahópi. En minningarnar eru margar. Hún elskaði sól og birtu, og það er táknkrænt fyrir hana að leggja nú af stað í hinstu ferðina mót hækkanði sól. Eg sé hana með hlið tígulega fas og bjarta upplit breiða faðminn móti vinum, sem biða í varpa. Eg minnst með þakklæti góðra stunda í skólanum og heyrri rödd hennar silfurtera og fagra hljóma á hátíðarstundum. Eg veit að ég mæli fyrir munn allra sam-kennara hennar er ég þakka ára-langa vinátta og tryggð.

Dætrum hennar og fjölskyldum þeirra votta ég samúð mína. Blessuð sé minning Ólafar Blöndal.

**Katrín Helgadóttir.**

Ólöf Þ. Blöndal var fædd í Siglufirði 10. desember 1894. For-eldrar hennar voru Sigríður Pálsdóttir frá Holti í Reykjavík og Hafliði Guðmundsson hreppstjóri Hafliði var fæddur að Brunna-stöðum í Kjöf, en ólst upp í Stöðlakoti í Reykjavík. Var hann af hinni kunnu Fremra-Hálsætt. Hafliði hafði lært blökksmíði og niðursuðu hjá Andrési Fjeldsted á Hvítárvöllum og fékk Snorri Pálsson frændi hans hann til þess að flytjast til Siglufjarðar til þess að koma þar niðursuðu á laggirn-ar, sem Snorri hafði þá fyrirhugað að hefja. Var það ein af mörgum framkvæmdum, sem sá mikli athafnamáður hafði á þróðunum um þær mundir. — Meðal annars, sem Snorri átti frumkvæði að og trúlega var tengt hugmyndinni um niðursuðuðnað, var, að hann stóð þá í að gera fyrstu tilraunir til síldveiða í landnót í félagi við Norðmenn. Sennilega hefur þetta verið eitt af fyrstu sporunum í áttina til þess að gera síldveiðarnar að máttarstöð siglfrirsks at-vinnulífs og aflvaka þess blóma-skeiðs þæjarins, sem segja má að staðið hafi, af vísu með áföllum í

milli, fram undir lok fjórða tugar aldarinnar, er síldin hvarf af miðunum nyrðra.

Hafliði fluttist þá alfarið til Siglufjarðar um 1877. Það var heldur fámenn á Siglufirði, er hann settist þar að, enda bjarg-ræðisvegir fáir. Eitthvað sóttu menn sjóinn á opnum skipum og líka voru stundaðar hákarlaveið-ar, en jarðnæði var litio til bú-skapar. En með tilkomu síldveið-anna, eftir að Norðmenn um alda-mótin komu með reknet og herpi-nætur og reistu söltunarstöðvar og síldarbræðslur, færðist fjör í atvinnulífið.

Bærinn hafði verið mjög ein-angraður, sökum erfiðra sámgangna. Eina samgönguleiðin á landi var um Siglufjarðarskarð, einn af hæstu fjallvegum landsins, sem var og snjóþungt mjög og venjulega ekki fært nema sumar-mánuðina. Nesti vöðavegur á þeim tímum, sem varð mörgum að fjörtjóni. Skipakomur voru mjög strjálár og sjóleið stundum ófær sökum ísa að vetrarlagi. — En nú komu á sumrin skip af hafi, fjöldi síldarþáta frá ýmsum löndum. Utlendingar urðu tíðir gestir á staðnum, Norðmenn, Svíar og jafnvel Þjóðverjar og Danir. Ein-angrun Siglufjarðar var þar með að verulegu leyti rofin og þetta litla sjávarþorp komið í beint samband við umheiminn. Þæjar-bragurinn varð líka allur líflegri og Siglufirðingar urðu bjartsýnir. En auðvitað fylgdi þessu ýmis vandi fyrir hreppstjórnann, sem úr mörgu þurfti að greiða, en þeim starfa gegndi Hafliði Guðmunds-son í tuttugu og tvö ár. Kom sér þá vel að hann var jafnlundaður maður og úrræðagóður, enda mjög afhaldinn af jafnt erlendur sem innlendur. — Hann hafði fljótlega eignast hús, sem Ma-dama Margrét Ólafsdóttir, ekkja Snorra Pálssonar, mun hafa látið reisa. Var það lengi vel kennt við hana, en síðar oftast nefnt Hafliðahús og búa niðjar Hafliða hreppstjóra enn í því. — Í þessu húsi ólust Ólöf Blöndal og systkini hennar upp, en þau voru Helgi útgerðarmaður, Kristín, Guðmundur hafnarvörður og Andrés forstjóri, og sömuleiðis fóstursystirin Guðmunda Jacob-sen og frændi Ólafar, Ólafur Vil-hjálmsson, sem löngum var þar til heimilis.

Það var glaðvært í Hafliðahúsinu og sjálfsagt oft tekið lagið, því að á Siglufirði var þá talsvert tónlistarlíf; Séra Bjarni var að safna Íslenskum Þjóðlögum og æfði líka blandaðan kór, sem Ólöf var í. För þessi kór m.a. söngfór að Hólum, er Geir Sæmundsson tók biskupsvígslu. Þá var Ólöf aðeins 16 ára. Tónlistin átti síðar eftir að verða snar þáttur í lífi hennar, er hún hafði stofnað heimili og eignast maka, sem mikla ánægju hafði af tónlist og lengi söng í karlakórnum Vísi á Siglufirði. Voru söngæfingar þá oft haldnar á heimili þeirra og leikið á ýmis hljóðfæri og þá ekki sízt á orgelið gamla.

Arin liðu og börn Hafliða hreppstjóra uxu úr grasi og farið var að huga að menntun þeirra. Varð þá að ráði að Ólöf var árið 1912 send til Reykjavíkur í Kvinnaskólann og lauk hún þar námi á tveim árum. — Heim til Siglufjarðar var haldið að námi loknu. — Þá var stærsti áfangi lífs hennar skammt undan, því 1. júlí 1916 giftist hún Sópóhosi Auðuni Blöndal. Sópóhus var sonur Björns Blöndals læknis og Sigríðar konu hans. Óþarft er að rekja Blöndals-ættina svo mörgum mun hún vera kunn, en geta má þess að Sópóhus var fjórði maður frá Birni sýslu-manni Auðunarsyni Blöndal að Hvammi í Vatnsdal. — Bera það allir, sem til þekkinga og enn muna, að þau Ólöf og Sópóhus veli við glæsileg brúðhjón og hafi á með þeim komið. Reyndist hjónaband þeirra, sem því miður varfrí ekki nema í tuttugu ár, með afbrigðum hamingjuttum. Enda átti Ólöf all-ar sínar bestu minningar frá þess-um árum, og enda þótt hún væri af sunnlensku bergi brotin taldi hún sig jafnan fyrst og fremst Siglufirðing. Hún bjó síðar mörg ár í Reykjavík og undi hag sínum

## smáauglýsingar — smáauglýsingar — smáauglýsingar — smáauglýsingar

## atvinna

**Sumarvinna óskast**  
fyrir stúlku frá Kanada. Vön vélritun. Gæti veitt tilsofn í ensku og frönsku. Vill vinna sveitastörf, fiskvinnslustörf eða Au-pair. Uppl. í s. 30078.

## 21 árs verzlunarskóla stúdent

Óskar eftir atvinnu í sumar. Tilboð sendist Mbl. merkt: „fljótlega — 3749“.

## kennsla

## Sniðkennsla

Byrja 10 daga námskeið í kven- og barnafatnaði (8.—22. júní). Kenni nýjustu tísku. Sænskt sniðkerfi. Upplýsingar í síma 19178. Sigrún A. Sigurðardóttir Drápuhlíð 48.

**Tek nemendur í píanókennslu.**  
Steinunn B. Ragnarsdóttir. Sími 35129.

## ýmislegt

**Óskum eftir að kaupa**  
eða leigja 1—2 ha., helst á jarðhitasvæði í nágrenni Reykjavíku, Hveragerðis, eða í Mosfellssveit. Hugsanlega með íbúðarhúsi, gróðurhúsi eða hvorutveggja. Aðstaða fyrir hæsnarækt kæmi einnig til greina. Vinsaml. hringið í síma 40124 milli kl. 18—20.

## húsnæði í boði

## Keflavík

Til sölu mjög vel með farið einbýlishús við Smáratún ásamt bílskúr. Ræktuð lóð. Fasteignasalan, Hafnargötu 27. Keflavík sími 1420.

## Hún í boði

**Innri-Njarðvík**  
Til sölu nýtt einbýlishús að mestu innréttuð. Sanngjarnt verð. Mjög góðir greiðsluskilmálar. Fasteignasalan, Hafnargötu 27, Keflavík sími 1420.

## óskast keypt

**Blý**  
Kaupum blý hæsta verði. Staðgreiðsla. Málsmeyja Ámunda Sigurðssonar Skipholti 23, sími 16812.

## sveit

## Sveitastörf

14—15 ára stúlka og piltur óskast á gott heimili í sveit helzt vön. Upplýsingar í síma 52468.

## bílar

## Tveir bílar til sölu

Bronco, skráður '73 og Willys Wagoneer '74. Bílarnir eru til sýnis eftir kl. 7 í kvöld og næstu kvöld að Byggðarenda 19.

## Til sölu Bronco '74

8 cyl. sjálfskiptur með vökvastýri. Ekinn 16 þús. km. Kristján P. Guðmundsson, sími 96-22244.

## til sölu

## Birkiplöntur

Margar stærðir til sölu. Trjáplöntusala Jóns Magnússonar, Skuld, Lynghvammi 4, Hafn. sími 50572.

## Ódyrt — Ódyrt

Mussur stórar stærðir. Verð kr. 3.500.-  
Elizubúðin, Skipholti 5.

## Ódyrt — Ódyrt

Kvenblúsur st. 36—40. Verð kr. 1500.-  
Elizubúðin, Skipholti 5.

## Nýtt — Nýtt

Vinsælu rúllukragapeysurnar eru komnar aftur. Gott verð. Dragtin Klapparstig 37.

## þjónusta

## Standsetjum lóðir

Steypum bílastæði og gangstéttir og fl. sími 71381.

## Góð gróðurmol

Til sölu, heimkeyrd í lóðir. Uppl. í símunum 42001 og 40199.

## félagslíf



## Hvítasunnuferð

## Húsafell,

föstudagskvöld og laugardag. Gönguferðir við allra hæfi, innigisting eða tjöld, sundlaug og gufubað. Fararstjórnar Jón I. Bjarnason, Tryggvi Halldórsson og Þorleifur Guðmundsson. Upplýsingar og farseðlar í skrifstofunni Lækjargötu 6, sími 14606. Útivist.

## Farflugadelið

## Reykjavíkur

## Hvítasunna 5 — 7.

## júni.

## Ferð í Þórsmörk

Upplýsingar á skrifstofunni Laufásveg 41, sími 24950. Farfluglar.

## Föstudagur kl. 20.00

## Þórsmörk

## Laugardagur kl.

## 08.00

Snæfellsnes. Gengið á Snæfellsjökul ef veður leyfir. Skoðaðir helztu staðir á nesinu.

## Laugardagur kl.

## 14.00

Þórsmörk Farmiðasala og nánari upplýsingar á skrifstofunni.

## Sunnudagur kl. 13.00

## Gönguferð á Vífilfell

## Mánudagur kl. 13.00

Gönguferð á Helgafell og um nágrenni þess. Ferðafélag Íslands, Öldugötu 3, símar 19533 — 11798.

## Sérstök kvöldvaka

Í kvöld fimmtudag kl. 20.30. Kvikmynd frá 100 ára afmæli Hjalpræðishersins. Sönghópurinn „Blóð og Eldur“ syngur. Happaðrætti. Verið velkomin. Hjalpræðisherinn.

## Filadelfía

Almenn samkoma í kvöld kl. 20.30. Gestir frá Norðurlöndum tala.

## raðauglýsingar — raðauglýsingar — raðauglýsingar

## veiði

## Veiðimenn — Veiðivötn

Veiði hefst í Veiðivötnum á Landmannaafreitti þriðjudaginn 22. júní. Pöntun og sala veiðileyfa fer fram að Skarði í Landssveit, Sími um Meiritungu.

## húsnæði í boði

## Keflavík — Innri-Njarðvík Skipti

Vil skipta á fokheldu 127 fm einbýlishúsi í Innri-Njarðvík, sem verður múrhúðað að utan og 3ja—4ra herb. íbúð í Keflavík. Upplýsingar í síma 53175.

## ferðir — ferðalög

## Reykjavík — Þjórsárdalur

Aukaferðir í Þjórsárdal föstudagskvöld, 4. júní kl. 20.30 frá B.S.Í. á laugardag er ferð kl. 14.00 frá B.S.Í. sími 22300. Ferð að austan á mánudag 7. júní kl. 17.00 sími 20720.

## húsnæði óskast

## Iðnaðarhúsnæði

Óskast til leigu eða kaups. Stærð 450 til 700 fm.

Pétur Pétursson heildverzlun,  
sími 11219 — 25101.

## fundir — mannfagnaðir

## Kvennadeild Borgfirðingafélagsins

fer í skemmtiferð í Þjórsárdal sunnudaginn 13. júní. Farið verður frá Umferðarmiðstöðinni kl. 9. Vinsamlega tilkynnið þátttöku sem fyrst í síma 32302 Rannveig, 20041 Hólmfríður, 34474 Guðbjörg. Nefndin.

## Keflavík

Þeir sem hafa fengið senda happdrættismiða Sjálfstæðisflokksins vinsamlegast gerið skil sem fyrst. Skrifstofan í Sjálfstæðishúsinu verður opin frá kl. 17—22 öll kvöld til og með 4. júní. Sími 2021.

## Landshappdrætti Sjálfstæðisflokksins Dregið verður annað kvöld.

Þeir, sem fengið hafa heimsenda miða, geri skil til umboðsmanna úti á landi eða í skrifstofu happdrættisins í Sjálfstæðishúsinu Bolholti 7. Skrifstofan er opin til kl. 23 í kvöld og annað kvöld, sími 82900. Greiðsla sótt heim, ef óskað er.

## Suðurlandskjördæmi Landhelgismál

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandskjördæmi boða til almenns stjórnarálfundar í Þorlákshöfn í kvöld kl. 20.30. Á fundinum mun aðallega verða rætt um Landhelgismálið. Allir eru velkomnir á fundinn meðan húsrúm leyfir.

## Heimdallarferð í Heiðmörk

Heimdallarferðir til gróðursetningarferðar í Heiðmörk fimmtudaginn 3. júní. Lagt verður af stað frá Sjálfstæðishúsinu við Bolholt kl. 7.30 e.h. Þátttaka tilkynnist í síma 82900. Félagar fjölmennir og vinnu að grænu byltingunni. Stjórnin.

## Mosfellshreppur

Stofnfundur sérstaks sjálfstæðisfélags í Mosfellshreppi verður haldinn að Hlégarði fimmtudaginn 3. júní n.k. kl. 20.30. Sjálfstæðisfólk í Mosfellshreppi er hvatt til að mæta á stofnfundinum.

Undirbúningsnefndin.

## — Minning Ólöf

Framhald af bls. 23

þar vel, en engu að síður var það samt Siglufjörður, sem efst var skráður á blað minninganna, — Fá fjöll voru fegurri en Hólshyrnan, útsýn úr Hvanneyrarskál yfir lygnan fjardarpollinn speglaðan miðnætursól, átti sér fátt sambærilegt, og víðsýnna gat varla verið en úr Skarðinu þegar hillti til Grímseyjar í góðu skyggni.

Við fráfall Sophusar Blöndals, 22. marz 1936, breyttust mjög dagar Ólafar. Hún hafði að nokkru verið eftirlætisbarn, sem lífið brosti við, í æsku dálæti föður síns og síðar búið í ástríku hjónabandi. — En einmitt þá, þegar á

reyndi, sýndi sig best hvern arfaflut hún hafði hlotið frá kjarna-fólki og hvern mann hún hafði að geyma. — Ein stóð hún uppi efna-lítill og með tvær dætur á námsaldri. En hún gafst ekki upp, heldur tók til erfiðra starfa, hóf kennslu í Barnaskólanum, réðst síðar í að taka menn í vora, eins og kallað var. Þeir munu vera ófáir síldarsaltendur og útgerðarmenn héðan að sunnan, sem vel muna enn viðurgerninginn á heimili hennar.

En svo kom að því að báðar dætur hennar, Sigríður Broberg, gift Carl J. Broberg, búsett í Gautaborg, og Sveinbjörg kona mín, voru fluttar af staðnum. Henni fannst þá minna við að vera þar nyrðra og kvaddi sínar kærur æskuslóðir. Þá vildi svo vel til að verið var að

stofna Húsmæðraskóla Reykjavíkur og hafði frænka hennar og æskuvinkona Hulda Stefánsdóttir verið ráðin þar til forstöðu. Tók Ólöf þá samtímis að sér hannyrðakennslu við skólann. — Telja þeir, sem mér eru fróðari um þau efni, að þegar Hulda er frátalin, hafi fáar eða engin átt drýgri þátt í að hlúa að þeim nýgræðingum, sem sá merki skóli varð stofn að í íslenskri kvennafræðslu. Þar starfaði hún í tvo áratugi, eða þar til hún náði aldursmarki og hún var farin að kenna augnsjúkdóms. Það var árið 1961. — Eg held það ekkert oflof að segja að hún hafi jafnan verið virt og dáð af nemendum sínum. Víst er um það, að margir nemenda hennar héldu alla tíð mikilli tryggð við hana, enda gekk hún heilshugar og af áhuga til

kennslustarfa sinna og lagði metnað sinn í, að kennslan væri hagnýt og bæri árangur.

Síðustu fimmtán árin dvaldi hún svo á heimili okkar hjóna og naut umhyggju dóttur sinnar og ánægju af samvistum við barnabörn sín og barnabarnabörn. Engu að síður fór svo eins og oft vill verða um mikið iðjufólk, er það lætur af störfum, þá virðist það sem ætlað var sem hvíld eftir erfitt dagsverk, ekki allskostar vera það sem best hentar, og þannig var henni farið. Auðvitað sat hún ekki auðum höndum meðan heilsan var sémileg og mikið las hún að staðaldri. Þeir muna hafa verið færri dagarnir, sem hún las ekki sögukorn fyrir dótturdótturson sinn, sem mjög var hændur að henni, eins og raunar öll barnabörnin og börn

þeirra, enda var hún dæmigerð amma, ef svo mætti að orði komast.

Eg þekkti Ólöfu Blöndal í rökkan hálfan fjórða tug ára og að svo miklu leyti, sem-einn getur um annan dæmt, kom hún mér fyrir sjónir sem gagnmerk kona, fastlynd og trygg, einörð í skodunum, kom til dyranna eins og hún var klædd og talaði ekki tæpitungu. En hún átti líka viðkvæma strengi og var örlát að eðlisfari. Hún var glæsileg á velli og það sópaði að henni þegar hún klæddist sínum fallega íslenska búningi, sem hún bar með reisu. Hún var trúuð kona, en lét trúarskoðanir annarra í friði. Hún trúði á framhaldslíf og endurfundi ástvina. Eg vona að óskir hennar rætist með einhverjum hætti. Blessuð sé minning hennar. Birgir Kjaran.